

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. október 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Breytingin felur í sér að afmörkuð er ný 1.743 m² lóð sem verður að Baldursnesi 9. Gert er ráð fyrir allt að tveimur smáhýsum á lóðinni fyrir heimilislaust fólk með fjölþættan vanda.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir virkjun á Glerárdal.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. október 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir virkjun á Glerárdal.

Breytingin felur í sér að afmörkuð er ný 915 m² lóð sem staðsett er á óbyggðu landi sunnan við Hlíðarfjallsveg. Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að fimm smáhýsum fyrir heimilislaust fólk með fjölþættan vanda.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 12. desember 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 15. desember 2025